

## SUNDKNATTLEIKSNEFND SSÍ

### *Hlutverk starfsnefnda SSÍ*

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

### *Hlutverk Sundknattleiksnefndar*

er að hafa forgöngu um að kynna sundknattleik á Íslandi, halda Íslandsmót og Bikarmót í Sundknattleik auk þess að hafa umsjón með grunnskólamóti í sundknattleik í samstarfi við Almennings- og skólasundnefnd.

Verkefni **Sundknattleiksnefndar** eru:

- að hafa umsjón með málefnum sundknattleiks innan SSÍ
- að stuðla að fræðslu um sundknattleik
- að sjá um, fjármagna og halda Íslandsmót og Bikarmót í sundknattleiks
- að vinna að útbreiðslu reglubundinnar þjálfunar sundknattleiks
- að halda grunnskólamót í sundknattleik
- að vinna að útgáfu á sundknattleiksreglum FINA á íslensku í samráði við Dómara-, móta og tækninefnd SSÍ

Nefndin hittist nefndin eftir þörfum (ekki sjaldnar en einu sinni á ári) og sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.